Nr. 784 14. júní 2022

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: e. geta fært rök fyrir tilgangi og skilyrðum fyrirhugaðrar dvalar, og hafa nægt fé sér til framfærslu, bæði meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til þess að snúa aftur til upprunalands síns eða til gegnumferðar til þriðja lands, sem víst þykir að þeim verði hleypt inn í, eða vera í aðstöðu til að útvega sér slíkt fé á lögmætan hátt.
b. Orðin „skv. 1. mgr.“ í 2. mgr. 5. gr. falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 80/2016 um útlendinga, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 14. júní 2022.*

**Jón Gunnarsson.**

*Haukur Guðmundsson.*

B-deild – Útgáfudagur: 30. júní 2022